



Íþróttastarf Golfklúbbs Suðurnesja

Æfingar

Golfklúbbur Suðurnesja (GS) heldur úti öflugu barna-, unglunga- og afreksstarfi. Klúbburinn er fyrirmyndarfélag ÍSÍ og hefur haft þann gæðastimpil um árabil. Iðkendur stunda æfingar frá byrjun nóvember og fram í lok september ár hvert. Yfir vetrartímann fara æfingar fram í Íþróttakademiunni en yfir sumartímann í Leirunni. Iðkendur æfa 3-4 sinnum í viku á veturna þar sem aðaláhersla er á að bæta færni í leiknum og undirbúningur fyrir sumarið. Yfir sumartímann er lögð áhersla á að viðhalda góðum grunni, auka leikskilning og bæta hæfni í að koma betra skori í hús.

GS fór í æfingaferð til Portúgals í apríl á þessu ári. Þar æfðu iðkendur og spiluðu við bestu aðstæður. Ljóst er að slík ferð gerir mikið fyrir iðkendur og er það von okkar að hægt verði að fara í slíka ferð á hverju ári. Iðkendur og foreldrar voru dugleg í fjáröflun og eru þegar byrjuð að safna fyrir næstu ferð.

Lið GS

Klúbburinn sendi sveitir í Íslandsmót félagsliða unglunga, karla, kvenna og öldunga. Allar sveitir stóðu sig með þryði og voru klúbbum til sóma á allan hátt. Eftirfarandi er árangur hvernar sveitar fyrir sig.

Karlasveit GS

Spilaði í efstu deild, endaði í 6. sæti og hélt sæti sínu í deildinni.

Kvennasveit GS

Spilaði í efstu deild, endaði í 5. sæti og hélt sæti sínu í deildinni.

Öldungasveit karla

Spilaði í efstu deild, endaði í 5. sæti og hélt sæti sínu í deildinni.

Öldungasveit kvenna

Spilaði í efstu deild, endaði í 5. sæti og hélt sæti sínu í deildinni.



Unglingasveit drengja undir 18 ára

Enduðu í 8. sæti af 20 sveitum. Mjög góður árangur, sérstaklega með tilliti til þess að sveitin var sú yngsta í mótinu.

Sveit GS 12 ára og yngri

Stóðu sig frábærlega og urðu Íslandsmeistarar annað árið í röð. Ljóst er að framtíðin er björt ef rétt er haldið á spilunum.

Aðstaða

Aðstaða til golfiðkunar hjá Golfklúbbi Suðurnesja er ágæt en ekki á við marga aðra stærri og smærri klúbba. Það sem helst þyrfti að gera er að loka hluta æfingaskýlis og gera með því aðstöðu fyrir kennara klúbbsins til að sinna kennslu betur og jafnvel allt árið. Einnig er mælitæki (Flight Scope) klúbbsins orðið gamalt og lúið og mætti uppfæra þegar tækifæri gefst til.

Inniaðstaðan er lítil og ekki hægt að sinna löngu höggunum þar svo vel megi vera. Þar getur t.d. myndast slyshætta ef margir eru að sækja æfingar. Hins vegar má ekki gleyma að staðsetningin er frábær.

Almennt

Það má segja að íþróttastarf GS árið 2019 hafi gengið vel. Iðkendum hefur fjölgað og voru duglegir að sækja æfingar í öllum veðrum og það er markmið okkar að fjölga enn meira ár frá ári. Það er ljóst að með því að fjölga iðkendum í yngstu aldurshópunum erum við með því að búa til golfara framtíðarinnar sem munu svo margir koma aftur í sinn heimaklúbb með maka og börn í starfið. Það hefur svo sýnt sig að golfiðkun hefur keðjuverkandi áhrif á fjölskyldu og vini, þegar börnin byrja, byrja foreldrarnir og svo öfugt. Dæmi eru um að heilu stórfjölskyldurnar stundi íþróttina sem auðvitað er frábært hvað varðar almenna lýðheilsu og forvarnir.